

Nd.

675. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 2. gr. laga nr. 79 14. nóv. 1917 komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er hæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendir varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og hæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 12 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.